

Suðurnesjabær
Jón Ben Einarsson
Sunnubraut 4
250 Garður

Reykjavík, 21. september 2023
UST202309-079/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Garðskagi - Suðurnesjabær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Suðurnesjabæjar er barst 7. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðskaga í Suðurnesjabæ.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagssvæðið er tæplega 10 ha að stærð þar sem markmiðið er að gera svæðið að aðlaðandi og aðgengilegu stað sem hefur svigrúm til að taka á móti fyrirhugaðri uppbyggingu fyrir ferðamenn og íbúa og vaxa og eflast sem miðstöð þjónustu. Auk þess kemur fram að á svæðinu eru nokkrar byggingar, eins og Garðskagaviti eldir og yngri, vitavarðahús og byggðasafn, en þar er gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir allt að 1000 m² byggingu á tveimur hæðum. Einnig gerir tillagan ráð fyrir allt að 2500 m² heilsulind á einni til tveimur hæðum og lóð. Gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi gesta í heilsulind og veitingahúsi á sama tíma sé 250 manns og á fjórða starfsári verði heildargestafjöldi um 600 manns og fjöldi starfsmanna um 30 manns. Óljóst er um fjölda annar gesta sem heimsækja svæðið á hverjum tíma og þá gesti sem munu nýta fyrirhugað tjaldsvæði.

Forsendur og ferðamenn

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram að markmið skipulagsins er aðgera svæðið að aðlaðandi og aðgengilegu stað sem hefur svigrúm til að taka á móti fyrirhugaðri uppbyggingu fyrir ferðamenn og íbúa og vaxa og eflast sem miðstöð þjónustu og varðveita núverandi strandlínu og bæta aðgengi og merkingar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

Umhverfisstofnun telur að helstu ógnir við svæðið sé vaxandi umferð ferðafólks og uppbygging sem geti valdið álagi og því mikilvægt að lögð sé fram tillaga um að fjörusvæðið verði ekki skert frekar og umferð ferðafólks sé takmarkað og stýrt um svæðið, sérstaklega á tímum þegar farfuglar safnast í fjörunnar.

Deiliskipulag

Umhverfisstofnun telur það vera jákvætt að unnið sé deiliskipulag fyrir svæðið. Hins vegar telur stofnunin tillagan vera nokkuð mannhverf á margan hátt og lítið fjallað um náttúru og náttúruvernd þó svo að svæðið sé á náttúruminjaskrá¹, hverfisverndað, skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði² og á tillögu Náttúrufræðisstofnunar Íslands (NÍ) að B- hluta náttúruminjaskrá³. Auk þess er lögð nokkuð áhersla á náttúruvernd í aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem segir að markmið sé að vernda náttúrulegt umhverfi og hlúa að svæðum á náttúruminjaskrá sem hægt er að vísa í.

Forsendur deiliskipulags og náttúruminjaskrá

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins segir (bls. 157) Verndun fjöru og sjávarfitja frá Stafnesi að Rafnkelsstaðabergi, m.a. Sandgerðistjörn, Gerðasíki, Miðhúsasíki og Útskálasíki. Verndun fjölbreytts strandgróðurs og ýmissa fjöruvistgerða, lífauðugra sjávartjarna og fuglalífs. Öll uppbygging á svæðinu skal vera hófstíll og ekki valda raski á viðkvæmum búsvæðum.⁴

Náttúruvernd

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist „Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi“ og er númer 108 sem aðrar náttúruminjar. Svæðið nýtur verndar vegna fjölbreytts strandgróðurs og ýmsar fjörugerða og þar eru lífauðugar sjávartjarnir og mikið fuglalíf.

Umhverfisstofnun bendir á að svæði eru einnig að finna leirur sem njóta sérstakar verndar sbr. 61.gr náttúruverndarlaga og eru mikilvægar fyrir fugla.

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að skv. vistgerðarkorti NÍ er svæðið sem tillagan nær til skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði⁵

B-hluti

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur lagt til að svæðið Kalmanstjörn – Garðskagi fari á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár og er svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða og fugla.⁶

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/>

² <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/kalmanstjorn-gardskagi>

³ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/kalmanstjorn-gardskagi>

⁴ <http://skipulagsaaetanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=y0gmoddRKUe890uliVFBsg>

⁵ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/kalmanstjorn-gardskagi>

⁶ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/kalmanstjorn-gardskagi>

samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreind svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Tjaldsvæði

Í greinargerð er fjallað um þjónustuhús fyrir tjaldsvæði sem getur verið 150 m². Lítið er hins vegar fjallað um tjaldsvæðið sem slíkt í greinargerð, en möguleg staðsetning þess er sýnd á uppdrætti.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjallað sé nánar um tjaldsvæðið í tillögunni, fjölda gesta, tjalda, húsbíla, tjaldvagna, bílastæða og annarrar aðstöðu sem við á.

Ásýnd

Tillagan gerir ráð fyrir töluverðum breytingum á ásýnd svæðisins, þar sem áður voru óbyggð svæði og tún er gert ráð fyrir 2500 m² heilsulind á tveimur hæðum, stórum bílastæðum og akvegum.

Umferð

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif aukinnar umferðar bíla, en hluti umferðar fer um þéttbýlin. Helstu áhrifaþættir mengunar frá bílum er hávaði, útblástur og svifryk.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningarit⁷ um minni fráveitur sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Umhverfisstofnun telur æskileg að það komi fram í tillögunni áætlaður fjöldi gesta og starfsmanna sem dvelja og heimsækja afþreyingasvæðið að jafnaði. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé um umfang fráveitu, þ.e. hversu mörgum persónueiningum það skal anna með tilliti til fjölda gesta og eðlis hreinsivirkja.

⁷ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3%b0b_minni%20fr%3%a1veitur_LOKA.pdf

Blágrænar ofanvatnslausnir

Samhliða uppbyggingu í sveitarfélaginu og úrbótum á eldri fráveitukerfum er mikilvægt að aðskilja regn- og skólþvatn til að minnka umfang fráveitunnar. Því telur Umhverfisstofnun jákvætt að sjá áætlanir um blágrænar ofanvatnslausnir í skipulaginu.

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að skoða aðrar náttúrulegar lausnir, t.d. blágrænar ofanvatnslausnir fremur en að veita ofanvatni í fráveitu sveitarfélagsins. Of mikið aðkomuvatn í fráveitukerfi eykur kostnað við fráveituhreinsun og þyngir reksturinn. Hægt væri að gera ráð fyrir hreinsivirki sem er minna umfangs ef hægt væri að koma ofanvatni í annan umhverfisvænni farveg. Þá skal auk þess vekja athygli á því að mikill hluti rusls kemur með ofanvatni og því þarf að gera ráð fyrir hreinsun á því, t.d. með settjörnum í stað hreinsivirkis.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur